

1855.
7. júní.

og stjórn hennar breytt, og fleira þess konar. En ekki hefur nú sem stendur þótt ástæða til að breyta neinu í aðferð þeirri, sem nú er við höfð um stjórn prentsmiðjunnar, þar sem forstjóra hennar eru falin á hendur öll framkvæmdarstörf við hana, svo og að halda reikninga hennar, hvorttveggja undir umsjón stipts-yfirvaldanna; reikningarnir eru síðan endurskoðaðir í hinni íslenzku stjórnardeild, og lagður þar á þá úrskurður. Eigi hefur nú heldur þótt ástæða til að ákveða neitt um það, hvort selja skuli prentsmiðjuna eða ekki, eða um þau skilyrði, sem setja skyldi, ef hún yrði seld, eða um það, hvernig verja skyldi því fje, er fengist fyrir hana. Að öðru leyti mun stjórnin einnig framvegis hafa gætur á, hvort hagfelldast muni að prentsmiðjan sje alþjóðleg eign, eins og hingað til, eða hvort ráðlegt sje, að reyna að selja hana.

Til staðfestingar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefur verið um getið, höfum Vjer sent Yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúá alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

27. Ágrip af skýrslu innanríkisráðgjafans til konungs um bænarskrá alþingis um hin helztu undirstöðuatriði til stjórnarbótar á Íslandi¹.

7. júní.

Í allramildilegustu auglýsing 7. júní 1855 til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1853, var því lýst yfir, að konungsfulltrúi skyldi skýra þinginu greinilegar frá ástæðum þeim, er einkum rjeðu, þá er íhuguð voru hin einstöku atriði í bænarskrá þingsins um stjórn-arfyrirkomulag Íslands í ríkinu; því stjórninni leizt ekki að bera

¹) Skýrslan til konungs er dagsett 28. febrúar. Þetta er auglýst í *Departementstidenden* 1855, 954.—960. bls.

1855.

7. júní.

frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu undir álit alþingis í þetta skipti.

Hjer birtist þá einnig eptirfylgjandi ágrip af framsetningu innanríkisráðherrans á málinu, þegar hann bar það undir konung¹, og er það að mestu leyti samhljóða því, er konungsfulltrúi var látinn birta þinginu:

Ráðherrann getur þess þá fyrst, að þó að álitid væri, að alþingi hefði rjett til að bera fram bænarskrár um stjórnarmál-efni landsins — og þessa spurningu vill stjórnin láta liggja milli hluta, þar eð bænarskrá þingsins um þetta mál var svo hóflega samin —, þá megi stjórnin þó ekki láta þeirri skoðun ómótmælt, sem höfð hefur verið sem ástæða fyrir rjetti þingsins til að frambera þessa bænarskrá, þeirri nefnilega, að konungsbrjef 23. septemb. 1848 inni haldi konunglegt heityrði, er á nokkurn hátt geti takmarkað rjett konungs til að ákveða með fullu valdi, hverjum breytingum stjórn Íslands eigi að taka eptir þörfum alls ríkisins og landsins. Hið nefnda allrahæzta konungsbrjef gefur einungis loforð um, að Íslendingum skyldi gefast kostur á, að láta í ljósi álit sitt á sjerstöku þingi, er til þess væri kosið, áður en nokkrar breytingar væru gjörðar á stöðu landsins í ríkinu eða skipulagi á innlendum málum; og á þetta loforð var endi bundinn með opnu brjefi 16. maí 1850, er kallaði þing saman í Reykjavík 4. júlí 1851. Tækifæri það, er þannig bauðst til að íhuga stjórnarmálefni Íslands, notaði þingið á þann hátt, að ekki þótti tiltækilegt að leggja fram nýtt frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu; þar á móti var boðað í allrahæztri auglýsingu 12. maí 1852, að alþing Íslendinga skyldi halda áfram störfum sínum á lögskipaðan hátt innan lögskipaðra takmarka, þangað til sá tími væri kominn að Hans Hátign konunginum þætti tiltækilegt að gefa aðrar reglur um stöðu Íslands í ríkinu, og var þó kveðið á, að það skyldi ekki verða fyr en alþingi hefði sagt um það álit sitt, samkvæmt því, er heitið er í tilskipun 8. marz 1843, 79. gr.

Um leið og innanríkisráðgjafinn veik sjer til hinna einstöku

1) sbr. bænarskrá alþingis um stjórnarmálið í alþingistíðindunum 1853.

1855.
7. júní.

atriða í bænarskrá alþingis, getur hann þess, að hann, eins og konungsfulltrúi líka hafði látið í ljósi, álíti það óhagkvæmt að ákvarða, hvern rjett einstakur landshluti skuli hafa í stjórnarskipuninni, áður en útkljáð er um stjórnarskipun ríkisheilðarinnar.

Þar eð þessi skoðun einkum hlaut að gilda í tilliti til þess, hve yfirgripsmikil mál þau skyldu vera, er leggja skyldi undir löggjafarvald alþingis, eins og Íslandi sjer í lagi viðkomandi, þá áleit stjórnin um hið fyrsta uppástunguatriði í bænarskrá þingsins, um, að alþingi megi fá löggjafarvald í löggjafarmálefnum þeim, er Íslandi einu viðkoma, að ekki væri ástæða til að leggja í þetta sinn fyrir alþing lagafrumvarp um þetta atriði; þar á mót skyldi það á sínum tíma hugleitt, að hve miklu leyti alþingi gæti fengið slíkt vald í eiginlegum löggjafarmálefnum, er snerta landið sjer í lagi.

Þar sem alþingi því næst í öðru uppástunguatriði sínu hefur beiðzt, að stofnuð yrði í Reykjavík ein yfirstjórn fyrir allt landið, gat stjórnin þess, að 1834 hefði þáverandi stiptamtmaður á Íslandi komið fram með uppástungu um aðalstjórn á Íslandi, en að stjórnin hefði þá ekki fallizt á hana. Það mundi og, ef að þingið ætlaðist til að leggja ætti niður amtmannaembættin, sökum þess hvernig tilhagar í landinu, og að samgöngur eru svo litlar, verða mjög ísjárvert að draga saman á einn stað úrslit margra mála, sem amtmenn hafa hingað til skorið úr, þar eð það yrði mjög tvísýnt, hvort í sýslumannaembættin — sem mörg eru svo ljeleg, að enginn hefur orðið til að sækja um þau, þó ekki sjeu gjörðar eins strangar kröfur til hæfilegleika þeirra, eins og til annara undirdómara —, fengjust svo duglegir menn, að hættulaust yrði að sleppa eptirliti því, sem amtmennirnir hingað til hafa haft með sýslumönnunum. En ef það nú af þessum ástæðum þætti nauðsyn til að halda amtmannaembættunum framvegis, mundi kostnaður sá, sem þyrfti til að stofna þessa nýju stjórn, verða svo mikill, að Ísland gæti ekki lagt fje fram til hans, þar eð svo er langt frá, að landið leggi fram nokkuð af fje til almennra ríkisparfa, að eins og nú stendur hlýtur konungsríkið af sínum efnum að skjóta töluverðu til á

1855.

7. júní.

ári hverju. Þetta tillit til fjárhags landsins gildir nú því fremur eptirleiðis, þegar að verzlunarlögin 15. apríl f. á. hafa náð laga-gildi, því þá hverfur hagnaður sá, sem ríkið gat haft af hinu forna verzlunareinkaleyfi á Íslandi, og stjórnin mundi því ekki geta beðizt neinna fjárframlaga til þess landshluta, er, sem stendur, ekki geldur neitt til almennra ríkisþarfa, og er auk þess undan þeginn landvarnarskyldu og helztu skattaálögum, er hinir hlutar ríkisins gjalda. Það getur því ekki verið til neins, að alþingi beiðist nýs skipulags á stjórnarfyrrkomulagi landsins, þegar það getur ekki um leið bent á, hvaðan taka eigi fje það, sem þarf til að bera kostnað þann, er af þeim leiðir. En þar eð hinar íslenzku vörur eru vanar að vera í háu verði og landið nú fær frjálsa verzlun, og er enn fremur næstum laust við alla tolla og neyzlugjöld, er ástæða til að ætla, að landið sjálft hafi nægan fjárafla til að bera kostnað þann, er leiddi af stofnunum þeim, er landsmönnum þykja nauðsynlegar til velferðar landsins, og þá yrði einungis úr því að ráða, hvernig hentugast yrðu lagðir skattar á fjárstofn þann, sem nú er í landinu. Viðvíkjandi þessu áleit stjórnin, að, þegar nýtt jarðamat væri á komið, mundi mega leggja á hæfilegan fasteignarskatt, og þegar hentug sveitastjórn væri stofnsett, mundi hún geta jafnað niður þvílíkum tekjuskatti, að hann gæti komið í staðinn fyrir konungstíund og önnur almenn gjöld, er nú eru greidd eptir mjög ójöfnum mælikvarða, og eru þar að auki ónóg til landsins þarfa. Ef að alþingi vildi gefa gaum að þessum atriðum, mundi fjárhagur landsins verða í allt öðru horfi, og mundi stjórnin styðja að því allt er hún mætti, og þá gæti það fyrst orðið skoðunarmál að koma á stofnunum þeim, er alþingi hefur beiðzt. Loksins mundi það veita mjög örðugt, að fá góða menn í þessi nýju áriðandi embætti á Íslandi, þar sem um svo fáa er að velja, að varla hafa fengizt hæfir menn í lagaembætti þau, sem nú eru, og yrði varla úr þessu bætt fyr en því yrði við komið, að bæta laun hinna íslenzku embættismanna.

Það sem áður er á vikið um fjeskortinn þykir stjórninni og vera því til fyrirstöðu, að fallizt verði á hið þriðja uppástunguatriði alþingis, er fór fram á, að landsyfirrjetturinn skyldi verða æðsti

1855.
7. júní.

dómstóll landsins í öllum íslenskum málum, að dómendum í rjettinum yrði fjölgað og laun þeirra hækkuð, þó það annars í sjálfu sjer væri æskilegt, að bætt yrðu kjör yfirjettardómenda þeirra, sem nú eru. Um þetta atriði hafði konungsfulltrúi drepð á það, að það væri nokkurn veginn ljóst af ástæðum alþingis, eins og hann líka vissi að hefði verið álit nefndar þeirrar sem sett var í málinu, að landsyfirrjetturinn í Reykjavík skyldi vera æðsti dómstóll landsins, og að hætt skyldi að skjóta hinum stærri málum til hæztarjettar, þó þetta lægi ekki beinlínis í orðunum, þar eð ályktunarvald alþingis skyldi vera takmarkað af samþykki konungs, og yfirvaldstjórnin standa undir stjórna-
ráðinu, og kynni það því að virðast, að því skyldi haldið, að skjóta hinum stærstu málum til hæztarjettar. Hvað sjálft aðal-
efnið snerti, hafði konungsfulltrúi ekki álitnið, að hann ætti að mæla fram með þessari uppástungu, og áleit hann, að ekki einungis flestir undirdómendur mundu vera sjer samdóma í því, heldur einnig margir aðrir velmenntir menn í landinu, er mettu míkils þann rjett er löggjöfin veitir, að geta skotið stærri málum til hæztarjettar. Þetta uppástunguatriði fór því ekki fram á að fá neinn nýjan rjett, heldur að afsala sjer rjett, er margir á Íslandi eptir ætlun konungsfulltrúa ógjarna vildu missa. Konungs-
fulltrúi hafði og tekið það fram, að vissa sú, sem menn hafa um rjettlátleg úrslit málanna við hina æðri dómstóla í útlöndum, er ekki einungis komið undir þekkingu og rjettvísi dómendanna sjálfra, heldur líka undir flutningi ágætra málafærslumanna, en þetta síðar talda vantar öldungis á Íslandi, þar eð ekki eru skipaðir neinir lögfróðir málafærslumenn við yfirjettinn, og ólög-
fróðir menn því næstum ætíð flytja málin, og getur þess vegna málafærsla þeirra sjaldan skýrt málin mikið, eða stutt að því, að úrskurður þeirra verði rjettlátur.

Stjórninni þóttu nú þessar athugasemdir mikilsverðar, einkum það, er konungsfulltrúi hafði tekið fram um skort á lögfróðum málafærslumönnum. Hjer við bætist enn, að mál þau, er á ári hverju koma fyrir yfirjettinn, eru svo fá, að þau standa ekki í neinu hlutfalli við hinn mikla kostnað, sem þyrfti til að bæta við fleiri nýjum dómendum með hærri launum, nema þeir gætu

1855. um leið haft önnur embætti á hendi, sem væri þó að öðru leyti
7. júní. ísjárvert.

Viðvíkjandi hinu fjórða uppástunguatriði þingsins um, að Ísland fái hlutdeild í hinu boðaða ríkisþingi fyrir sameiginleg mál-efni ríkisins, benti stjórnin til þess, að þegar alþingi krefst hlutdeildar fyrir Íslands hönd í hinni sameiginlegu stjórnarskipun ríkisins, þá gætir þingið þess ekki, að landið nú sem stendur hvorki leggur eða getur lagt nokkuð fram til að bera sameiginleg útgjöld alls ríkisins, eða til landvarnar, og að það getur þess vegna ekki, meðan svo er ástatt, haft rjett til að krefjast hlutdeildar í sameiginlegu ríkisþingi, sem einnig mundi verða þýðingarlítil fyrir landið, sem eptir fólksfjölda einungis ætti að kjósa $\frac{1}{4}$ af fulltrúum ríkisþingsins; þar að auki mundi, ef kjósa ætti til þessa þings menn, er búsettir væru í landinu, málin verða þeim að öllu ókunnug; en hvað sem því liði, yrði máli þessu ekki ráðið til lykta, þar eð það verður að koma til umræðu þegar talað er um stjórnarskipun alls ríkisins.

Þar sem alþingi loksins, þegar það færir ástæður fyrir bendingaratkvæði um, að úrskurður og meðferð íslenzkra mála hjer í landi (í Danmörku) sje falin einum embættismanni, einkum hefur tilfært hin iðuglegu skipti á hinum ýmsu stjórnarherrum, er úrskurður íslenzkra mála nú er á hendur falinn, og óvissu þeirrar og hvikulleika í meðferð málanna, er þar af leiði, þá varð það engan veginn viðurkennt, að stjórnarherraskipti sjeu hættulegri fyrir meðferð íslenzkra mála heldur en meðferð mála frá öðrum hlutum ríkisins, en það, að slík stjórnarherraskipti geti fyrir komið, stendur í nákvæmasta sambandi við grundvallarreglur frjálsrar stjórnarskipunar, er alþingið einnig hefur aðhyllt, og Ísland hefur fullkomlega eins mikla vissu, eins og aðrir hlutar ríkisins, fyrir því, að meðferð málanna verði áþekk því sem hún hefur verið, þar eð stofnuð er sjerstök stjórnardeild með sínum forstöðumanni og skrifstofum, og fer þar fram meðferð allra íslenzkra mála. Þar eð enn fremur íslenzk málefni, sem hingað koma, ekki eru mörg, og hin íslenzka stjórnardeild, jafnvel þó henni sje falin meðferð grænlenzkra og færeyskra mála, hefur minni verkahring, en sumar aðrar stjórnardeildir, þá yrði

það ástæðulaus kostnaður að setja slíkan embættismann eða stjórnarherra, er alþingi hefur farið fram á, og stjórnin sæi sjer ekki fært að beiðast fjárstyrks til að bera þann kostnað, og vísar stjórnin um leið til athugasemda þeirra, er gjörðar eru hjer að framan, þar sem ræðir um að setja yfirstjórn í Reykjavík fyrir allt landið.

1855.

7. júní.

28. Brjef innanríkisstjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um þingsköp á alþingi.

8. júní.

Um leið og hjer herra amtm. hafið sagt álit yðar um þegn-samlegasta bænarskrá alþingis um breytingu á stjórn prentsmiðju stiptisins, o. s. frv., í brjefi yðar 6. maí f. á., hafið hjer gjört þá athugasemd, er að sönnu einkum snertir formið á meðferð þessa máls, en sem eins snertir meðferð á öðrum bænarskrám frá einstökum mönnum, er á hinu seinasta alþingi hafa gefið tilefni til, að þingið hefur sent um þau mál bænarskrár, þá athugasemd nefnilega, að meðferð þessa máls á þinginu sè ekki grundvölluð á skriflegri uppástungu frá neinum þingmanni, eins og þeinlínis er fyrirskipað í tilskipun 8. marz 1843, 62. gr., heldur hafi bænarskrár eða ávörp komið til þingsins frá ýmsum kjördæmum landsins, er einhver alþingismaður hefur, eptir að forseti hefur gefið tilefni til þess, eins í þessu máli sem öðrum, tekið að sjer, án þess hann hafi þó gjört um það neina skriflega uppástungu. Þar eð nú stjórnin verður að vera samdóma herra amtmanninum í því, að aðferð sú, er hjer ræðir um, sje hvorki samkvæm fyrirmælum alþingistilskipunarinnar nje hentug í sjálfu sjer, þar eð engin föst undirstaða fyrir meðferð málsins fæst með þessu móti, eins og það líka hefur sýnt sig, þar eð innihald í bænarskrám um sama efni getur verið mjög ýmislegt, að það er mjög örðugt, að koma nokkurri samhljóðan á málið, verð jeg að álita það rjettast, að reisa skorður við því að þessi aðferð sje svo opt við höfð, að hún öðlist hefð framvegis, og vil jeg því biðja herra amtmanninn að vekja athgli þingsins á því sem órjett er í þessari